

## REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1965.

### 1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1966, er miðast við legudagafjölda 1965.

### 2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

### 3. gr.

#### Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Reykjavík,  
Sjúkrahús Akureyrar.

#### Í II. flokki A eru:

Hvítabandið,  
Sjúkrahús Akraness,  
Sjúkrahús Ísafjarðar,  
Sjúkrahús Neskaupstaðar,  
Sjúkrahús Keflavíkur.

#### Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Sauðárkróks,  
Sjúkrahús Siglufjarðar,  
Sjúkrahús Vestmannaeyja,  
Sjúkrahús Árnesinga.

#### Í III. flokki A eru:

Farsóttahúsið í Reykjavík,  
Sjúkrahús Patreksfjarðar,  
Sjúkrahús Hvammstanga,  
Sjúkrahús Blönduóss,  
Sjúkrahús Húsavíkur,  
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,  
Sólvangur í Hafnarfirði.

#### Í III. flokki B eru:

Sjúkrahús Þingeyrar,  
Sjúkrahús Flateyrar,  
Sjúkrahús Bolungarvíkur,  
Sjúkrahús Hólmavíkur,  
Sjúkrahús Vopnafjarðar,  
Sjúkrahús Egilsstaða,  
Sjúkrahús Þórshafnar.

## 4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A .....	100%
Í I. flokki B .....	90%
Í II. flokki A .....	70%
Í II. flokki B .....	60%
Í III. flokki A .....	50%
Í III. flokki B .....	40%

## 5. gr.

Samkv. ákvæðum fjárlaga 1966, sbr. 12. gr. VI, er styrkupp hæðin kr. 9 600 000,00, og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

## 5. gr.

I. flokkur B .....	kr. 47.00
II. flokkur A .....	— 37.00
II. flokkur B .....	— 31.00
III. flokkur A .....	— 26.00
III. flokkur B .....	— 21.00

## 6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1965 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. maí 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 105 12. október 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

## 1. grein.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verði 6. grein, svo hljóðandi:

„Ákvæði reglugerðar þessarar ná einnig til skotvopna útbúinna fyrir þjappað loft eða gashylki (loftbyssur)“

Greinatala í reglugerðinni breytist samkvæmt þessu, þannig að 6., 7., 8. og 9. grein verði 7., 8., 9. og 10. grein.

## 2. grein.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. maí 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*